

Sveitarstjórn Strandabyggðar

Eftir að ný sveitarstjórn Strandabyggðar tók við í vor voru sveitarstjórnarfundir sendir út og teknir upp. Þrátt fyrir örðugleika í upphafi, þá eru þeir flestir aðgengilegir, inn á Youtube rás sveitarfélagsins. Sá háttur eykur gagnsæi á stjórn sveitarfélagsins og er það vel.

Eftir síðasta sveitarstjórnarfund sem haldinn var þann 8. nóvember 2022 sendi ég sveitarstjórn bréf þar sem ég taldi að fyrri umræða um fjárhagsáætlun væri ekki lokið þar sem ekki voru greidd atkvæði um hana og krafðist skýringa. Svar sem ég fékk frá sveitarstjóra: „Þakka þér fyrir góða ábendingu. Það er venja að vísa umræðu um fjárhagsáætlun áfram til seinni umræðu og í raun ekki kosið sérstaklega um það, en það er hins vegar alveg rétt að formsins vegna ætti það að vera. Ég mun draga lærdóm af þessu passa upp á þetta í framtíðinni.“

Í framhaldi af þessu svari ákvað ég að athuga hve oft var misræmi milli bókunar í fundargerðir sveitarstjórnar Strandabyggðar og þess sem raunverulega var gert á fundinum. Ég komst að því að alls voru það **30 atvik** þar sem annað var bókað heldur en fram fór á fundinum þegar spilaðar voru upptökur af þeim fimm fundum sem eru hægt að finna á youtube.

Í 16. grein í samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar segir í a. lið „Oddviti stjórnar umræðu á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðu og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá er tæmd. **Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.** Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.“ Síðar í sömu grein segir í k. lið Atkvæðagreiðsla. „**Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína.** Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. **Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.**“

Í auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna (nr.1181/2021) segir „Skrá skal í fundargerðina við dagskrármálið sjálf, hvaða afgreiðslu það hafi hlotið, ályktanir og niðurstöðu, s.s. hvort mál hefur verið samþykkt, því synjað, frestað, vísað til umsagnar nefndar eða starfsmanns, vísað til fullnaðarafgreiðslu nefndar eða starfsmanns eða hvort máli hafi verið vísað frá. Varði afgreiðsla dagskrármáls ekkert af þessu er málið lagt fram án efnislegrar afstöðu til þess.“

Það er alvarlegt mál þegar bókanir sem eru ekki sannleikanum samkvæmar. Það þarf að virða það kerfi og fyrirkomulag sem Samþykktir um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar segja til um. Fundargerð er á ábyrgð oddvita og hann á að sjá til þess að rétt sé bókað. Það að bóka eitthvað sem ekki er gert á fundi er því brot á samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar sem eiga sér lagastoð í 19. grein sveitarstjórnarlaga. Auðvitað geta orðið mistök en að það gerist 10 sinnum á sama fundi að ekki séu greidd atkvæði eða leitað eftir þeim og bókað að viðkomandi liður hafi verið samþykktur, er ekki ásættanleg stjórnarsýsla.

Ég óska því eftir svörum, við eftirfarandi spurningum:

Telur sveitarstjórn Strandabyggðar að fundargerðir sem hér um ræðir þ.e. fundargerðir Sveitarstjórnarfunda 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338 séu réttar og í samræmi við það fram fór á fundunum?

Telur sveitarstjórn Strandabyggðar að farið hafi verið að samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar við framkvæmd Sveitarstjórnarfunda 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338?

Hvernig ætlar sveitarstjórn Strandabyggðar að bregðast við því að búið er að framkvæma mál sem ekki voru greidd atkvæði um á Sveitarstjórnarfundum 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338 og geta því ekki talist að hafi verið samþykkt formlega?

Gerir sveitarstjórn Strandabyggðar ráð fyrir að tilkynna eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og/eða endurskoðendum Strandabyggðar um þessa ágalla á fundargerðum Sveitarstjórnarfunda 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338 þ.e. að ranglega hafi verið bókað að málefni væru samþykkt?

Hér fyrir neðan er listi yfir efni sem voru á dagskrá sveitarstjórnarfunda í Strandabyggð og ekki voru afgreidd formlega með atkvæðagreiðslu. Ég tek fram að þessi mál voru lögð fram til afgreiðslu en ekki aðeins til kynningar. Bókanir í fundargerðum Strandabyggðar eru með svörtu letri en það sem fer fram samkvæmt upptöku á sveitarstjórnarfundi er rauðu letri.

Sveitarstjórnarfundur 1333 í Strandabyggð 14. júní 2022

5. Nefndarskipan

Þar er bókað „Sveitarstjórn samþykkir skipan ofantalinnar nefndarmanna samhljóða.“

Rétt er að: Oddviti tilkynnir að nefndarskipan sé staðfest en oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

Sveitarstjórnarfundur 1335 í Strandabyggð 9. ágúst 2022

1. Prókúra fyrir Strandabyggð og áreiðanleikakönnun sveitarstjórnarmanna. Lögð er fram til undirritunar tilkynning um breytingu á stjórn sveitarfélagsins til skráningar hjá Fyrirtækjaskrá. Sveitarstjórn skipa Þorgeir Pálsson sem jafnframt er prókúruhafi sveitarfélagsins, Jón Sigmundsson, Matthías Sævar Lýðsson, Hlíf Hrólfsdóttir og Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir sem er fjarverandi á fundi þessum. Einnig er Salbjörgu Engilbertsdóttur skrifstofustjóra veitt prókúra fyrir hönd sveitarfélagsins. Allir viðstaddir aðalmenn undirrita skráninguna í fyrirtækjaskrá. Einnig munu fimm aðalmenn í sveitarstjórn og prókúruhafar skila inn áreiðanleikakönnun til viðskiptabanka sveitarfélagsins og lánastofnana. Samþykkt samhljóða. **Hið rétta er: Salbjörg segir samþykkt samhljóða en ekki eru greidd atkvæði.**

4. Skipun í nefndir á vegum Strandabyggðar

b. Varamaður í Svæðisskipulag Dala, Reykhóla- og Stranda. Lagt er til að Guðfinna Lára Hávarðardóttir verði varamaður. Samþykkt samhljóða. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

c. Fulltrúi og varamaður í fulltrúaráð umhverfisvottunar Vestfjarða. Lagt er til að Óskar Hafsteinn Halldórsson verði aðalfulltrúi og Ragnheiður Ingimundardóttir verði til vara. Samþykkt samhljóða. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

d. Varamenn í kjörstjórn Strandabyggðar. Lagt er til að Þorsteinn Sigfússon og Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir verði varamenn. Samþykkt samhljóða. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

e. Fulltrúi og varamaður í Brunavarnir Dala, Reykhóla- og Stranda. Lagt er til að Þorgeir Pálsson verði aðalfulltrúi og Gunnar Númi Hjartarson til vara. Samþykkt samhljóða. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

12. Samþykkt vegna stöðu sauðfjárræktar. Byggðastofnun vann nýlega skýrslu fyrir innviðaráðuneytið, en í henni er dregin upp dökk mynd af stöðu og framtíðarhorfum sauðfjárræktar á Íslandi. Rekstrarafkoman hefur verið neikvæð undanfarin ár og engar breytingar fyrir séðar, vegna hækkana á aðföngum. Verð afurða hefur ekki náð að halda í við þróun verðlags, sem ekki gengur til lengri tíma. Verði ekkert að gert er viðbúið að hrun verði í greininni með tilheyrandi byggðaröskun. Þetta væri þungt högg fyrir atvinnulíf í Strandabyggð, þar sem sauðfjárrækt er undirstaða í dreifbýli sveitarfélagsins. Landbúnaður er byggðafestugrein á svæðinu sem og hjá nágrannasveitarfélögum og því ljóst að landshlutinn í heild sinni á mikið undir. Sveitarstjórn Strandabyggðar skorar á stjórnvöld og hagaðila að taka höndum saman án tafar og vinna að viðsnúningi þessarar þróunar með fjölbættum aðgerðum. Samþykkt samhljóða. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

13. Erindi frá Náttúrustofu Vestfjarða vegna endurútreiknings v. 2021. Lagður fram endurútreikningur á framlagi sveitarfélaganna vegna ára 2020 og 2021 og farið fram á framlag vegna verðlagshækkana á þessum árum. Hlutur Strandabyggðar er kr. 534.507. Samþykkt samhljóða að verða við erindinu. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

14. Tillaga að aðalskipulagi Reykhólahrepps, 2022-2034, til umsagnar. Sveitarstjórn leggur fram nokkrar athugasemdir varðandi sveitarfélagamörk og er sveitarstjóra falið að senda þær inn til skipulagsfulltrúa. Sveitarfélagið gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við aðalskipulagið. **Rétt er að ekki voru greidd atkvæði um að fela sveitarstjóra eitt eða neitt.**

28. Hafnasamband Íslands boðun á hafnasambandsþing í Ólafsvík 27.-28. október 2022. Sigurður Marínó Þorvaldsson hafnarvörður mun sækja þingið. **Rétt er að ekki voru greidd atkvæði um þessa ráðstöfun.**

Sveitarstjórnarfundur 1336 í Strandabyggð 13. september 2022

6. Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar. Hlíf Hrólfsdóttir kynnir nýtt skipulag umdæmisráðs barnaverndar. Sveitarstjórn samþykkir samning um nýtt umdæmisráð ásamt viðauka II sem fjallar um þóknun ráðsins. Sveitarstjóra falið að tilkynna hlutaðeigandi aðilum. Samþykkt samhljóða. **Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.**

9. Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð. Gildandi siðareglur voru samþykktar 14. janúar 2014. Lagt er til að endurskoða reglurnar og sveitarstjóra falið að vinna að breytingu á reglum og leggja fram á

næsta sveitarstjórnarfundu. Samþykkt samhljóða. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

15. Erindi frá Tesla varðandi hleðslustöð á Hólmavík. Sveitarstjórn fagnar erindinu og vísar því og tillögugerð til byggingarfulltrúa til kynningar á næsta fundi US nefndar. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

17. Göngustígur út á Grundir. A-listinn óskar eftir því að sveitarstjóri fari fram á það við svæðisstjóra Vegagerðinnar að Vegagerðin hanni göngustíg út á Grundir, sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Einnig að fara fram á lækun á hámarkshraða á Djúpvegi nr. 61 við vegamót á Hólmavíkurvegi, vegna umferðaröryggis. Sveitarstjóra falið að ræða efni tillögunnar og öryggismál við gatnamót við umdæmisstjóra Vegagerðarinnar. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

18. Umferðarsamþykkt Strandabyggðar. Sveitarstjóra falið að ræða málið við umdæmisstjóra og fleiri hlutaðeigandi aðila. Samþykkt samhljóða. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

20. Þarfagreining vegna hugsanlegrar hitaveitu. Sveitarstjóra er falið að leggja fram drög að þarfagreiningu á næsta fundi sveitarstjórnar. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

24. Frágangur á rampi við sundlaug. Samþykkt að fela áhaldahúsi að kanna kostnað og framkvæma kaup á girðingu sem lokar aðgengi skv. Öryggisstöðlum. Samþykkt samhljóða. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði.

26. Styrkbeiðni frá Aflinu. Sveitarstjórn þakkar beiðnina en sér sér ekki fært að verða við henni nú. Hlíf Hrólfsdóttir situr hjá en aðrir eru samþykkir afgreiðsluna. Rétt er að oddviti biður sveitarstjórnarmenn ekki um að greiða atkvæði. Hlíf ein tilkynnir hvernig hún greiðir atkvæði, hinir greiða ekki atkvæði.

28. Fundargerð Tómstunda, íþrótt- og menningarnefndar 22. ágúst 2022. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Rétt er að sveitarstjóri segir að fundargerð sé samþykkt samhljóða en leitar ekki eftir atkvæðum – sumir greiða atkvæði.

29. Fundargerð Fræðslunefndar 12. september 2022. Varðandi lið 6 um skólamötuneyti felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirbúa auglýsingu/útboð í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins. Varðandi lið 10 þá tekur sveitarstjórn undir tillögur nefndarinnar og samþykkir að undirbúningsvinna að endurbótum á leikskólalóð verði hafin í samráði við starfsmenn. Jafnframt er sveitarstjóra falið að undirbúa viðauka varðandi gerð vegriðs á Borgarbraut ofan leikskólalóðar. Varðandi lið 12 samþykkir sveitarstjórn að fela formanni fræðslunefndar og sveitarstjóra að greina akstursþörf og undirbúa auglýsingu í samræmi við innkaupareglur. Varðandi lið 13 samþykkir sveitarstjórn launað námsleyfi skv. reglum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leiti.

Rétt er að sveitarstjóri tilkynnir að fundargerðin sé samþykkt án þess að leita eftir atkvæðum.

Sveitarstjórnarfundur 1337 í Strandabyggð 11. október 2022

3. Endurreikningur á launum sveitarstjóra og sveitarstjórnarmanna v. vísitöluútreiknings þingfararkaups. Farið yfir útreikning á þingfararkaupi og samþykkt að greiða leiðréttingu til hlutaðeigandi.

Rétt er að ekki voru greidd atkvæði.

5. Drög að auglýsingu um nýtingu gamla tanksins. Sveitarstjóri fór yfir drög að auglýsingu og umræðu í tengslum við hana. Samþykkt var að vinna að ítarlegri texta og sveitarstjóra falið að vinna málið fyrir næsta fund.

Rétt er að ekki voru greidd atkvæði.

11. Fundargerð US nefndar 06. október 2022. Formaður rakti efni fundarins og varðandi lið nr. 1 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða. Varðandi lið nr. 2 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða.

Varðandi lið nr. 3 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða, að því gefnu að fornminjum sé ekki raskað. Byggingarfulltrúa og formanni US nefndar falið að afla gagna um rannsóknir á svæðinu. Varðandi lið nr. 4 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða.

Grenndarkynning hefur þegar farið fram athugasemdalaust. Varðandi lið nr. 5 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða. Varðandi lið nr. 6 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða. Varðandi lið nr. 7 í fundargerðinni þá samþykkir sveitarstjórn hann samhljóða. Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

Rétt er að sveitarstjóri segir að fundargerðin sé samþykkt að öðru leyti en atkvæði ekki greidd. Greidd voru atkvæði um einhverja liði fundargerðarinnar.

12. Fundargerð ADH nefndar 10. október 2022. Formaður fór yfir fundargerðina. Varðandi lið nr. 5 tekur Guðfinna Lára fram að vinna við refa- og minkaeyðingu sé sérstaklega mikilvægur stuðningur við landbúnað í Strandabyggð. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Rétt er að ekki var leitað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna og ekki voru greidd atkvæði.

13. Ársskýrsla Héraðssambands Strandamanna til kynningar og ósk um áframhaldandi styrktarsamning. Ársskýrsla og samningur lagður fram til kynningar og afgreiðslu styrktarsamnings. Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar umsókn um áframhaldandi styrktarsamning til fjárhagsáætlunargerðar.

Rétt er að ekki var leitað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna og ekki voru greidd atkvæði. Samhljóma samþykkt segir sveitarstjóri og einhverjir rétta um hönd.

14. Beiðni frá Lionsklúbbum á Hólmavík vegna samnings. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar umsókn um áframhaldandi styrktarsamning til fjárhagsáætlunargerðar.

Rétt er að ekki var leitað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna og ekki voru greidd atkvæði. Sagt samþykkt og einhverjir rétta upp hönd.

15. Ársskýrsla og ársreikningur Leikfélags Hólmavíkur til kynningar og ósk um áframhaldandi styrktarsamning. Ársskýrsla og samningur lagður fram til kynningar og afgreiðslu styrktarsamnings.

Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar umsókn um áframhaldandi styrktarsamning til fjárhagsáætlunargerðar.

Rétt er að ekki var leitað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna og ekki voru greidd atkvæði. Samhljóma samþykkt segir sveitarstjóri og einhverjir rétta um hönd.

16. Ársskýrsla og ársreikningur Sauðfjárseturs ses til kynningar og styrktarsamningur ársins 2022 ásamt ósk um áframhaldandi styrktarsamning. Ársskýrsla og samningur lagður fram til kynningar og afgreiðslu styrktarsamnings. Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar umsókn um áframhaldandi styrktarsamning til fjárhagsáætlunargerðar.

Rétt er að ekki var leitað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna og ekki voru greidd atkvæði. Samhljóma samþykkt segir sveitarstjóri og einhverjir rétta um hönd.

17. Ársskýrsla og ársreikningur Strandagaldurs ses til kynningar og styrktarsamningur ársins 2022 ásamt ósk um áframhaldandi styrktarsamning. Ársskýrsla og samningur lagður fram til kynningar og afgreiðslu styrktarsamnings. Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar umsókn um áframhaldandi styrktarsamning til fjárhagsáætlunargerðar.

Rétt er að ekki var leitað eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna og ekki voru greidd atkvæði. Samhljóma samþykkt segir sveitarstjóri og einhverjir rétta um hönd.

Sveitarstjórnarfundur 1338 í Strandabyggð 8. nóvember 2022

1. Fjárhagsáætlun Strandabyggðar 2023 og þriggja áætlun 2024-2026.

Forsendur fjárhagsáætlunar voru ræddar og mikilvægt að sveitarstjórn framfylgi hlutverki sínu m.t.t. sveitarstjórnarlaga og samþykkt Strandabyggðar varðandi meðferð fjármuna. Fjárhagsáætlun vísað áfram til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

Rétt er að oddviti segir að „fjárhagsáætlun sé vísað til seinni umræðu“ og ekki eru greidd atkvæði um það. Tveir rétta upp hendi en engin atkvæðagreiðsla fer fram.

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir